



Borgarráð

Reykjavík, 23. júní 2026

MSS26020006

Afturköllun ákvarðana borgarstjórnar og borgarráðs um skammtímalausn vegna gjaldfrjálsra strætóferða fyrir börn

Lagt er til að borgarráð samþykki að afturkalla afgreiðslu borgarstjórnar á fundi sínum 3. febrúar sl. og afgreiðslu borgarráðs á fundi sínum 30. apríl sl. þar sem samþykkt var að fella niður gjaldtöku í strætisvögnum, vegna reykvískra barna á grunnskólaaldri og útfærsla á skammtímalausn vegna gjaldfrjálsra strætóferða fyrir grunnskólabörn 12 ára og eldri, þar sem kveðið var á um tímabilskort í maí og júní 2026. Áfram verður gjaldfrjálst í strætó fyrir börn 11 ára og yngri.

Greinargerð

Á fundi borgarstjórnar 3. febrúar 2026 var samþykkt að fella niður gjaldtöku í strætisvögnum, hvort sem er á vegum Strætó bs. eða Almennings­samgangna höfuðborgarsvæðisins ohf., vegna reykvískra barna á grunnskólaaldri. Borgarstjóra var falið, í samstarfi við fjármála- og áhættustýringarsvið, skóla- og frístundasvið, þjónustu- og nýsköpunarsvið og Strætó bs., að kostnaðarmeta samþykktina, undirbúa framkvæmd hennar og leggja endanlega útfærslu fyrir borgarráð til staðfestingar þannig að hún gæti komið til framkvæmda eigi síðar en 1. maí 2026.

Með afgreiðslu borgarráðs 30. apríl 2026 var samþykkt að veita reykvískum grunnskólabörnum tímabilskort í almennings­samgöngum í maí og júní sem brúarlausn á meðan unnið væri að varanlegu fyrirkomulagi gjaldfrjálsra strætóferða. Tillagan byggði á þeirri forsendu að stefnt yrði að fullri innleiðingu gjaldfrjálsra ferða fyrir þennan hóp, en jafnframt að sú innleiðing væri tæknilega og rekstrarlega krefjandi og krefðist frekari undirbúnings. Við frekari yfirferð á málinu hefur komið í ljós að bæði skammtímalausnin og hugsanleg varanleg framkvæmd fela í sér verulegan og viðvarandi kostnað fyrir borgarsjóð en tillagan var ófjármögnuð. Með vísan til þess er nú gert ráð fyrir því að fyrri samþykktir verði afturkallaðar og að fallið verði alfarið frá verkefninu.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri



Reykjavík